

## Verslunin Eyjafjörður

Afhending 2020/28

Verslunin Eyjafjörður var stofnuð árið 1909 af Kristjáni Árnasyni verslunarmanni og Magnúsi Sigurðssyni, bónda og kaupmanni á Grund í Eyjafirði. Var hún oft kölluð Grundarverslun enda hafði hún ákveðin tengsl við verslun Magnúsar á Grund.

Kristján Árnason var ráðinn til verslunar Magnúsar á Grund árið 1902 og vann þar uns þeir stofnuðu saman Verslunina Eyjafjörður. Verslunin var alla tíð rekin í Hafnarstræti 86.

Kristján og Magnús ráku verslunina saman til ársins 1919 en þá keypti Kristján hlut Magnúsar. Kristján átti og rak verslunina einn uns sonur hans, Gunnar Kristjánsson, tók við rekstrinum um 1940. Gunnar stækkaði verslunina og byggði steinsteyppt hús á einni hæð við húsið. Þegar viðbyggingin var opnuð árið 1940 var skrifað um það í blöðum að nú væri nýja verslunin Eyjafjörður í tveimur deildum. Síðar meir var verslunin aðeins rekin í viðbyggingunni en skrifstofur voru í eldra húsinu, þar sem áður var bæði verslun og skrifstofur.

Verslunin Eyjafjörður var sveita- eða bændaverslun í þeim skilningi að bændur fengu, eins og áður tíðkaðist, að taka út vörur í opinn reikning en lögðu svo inn búsafurðir sínar haust og vor, s.s. kjöti, gærur og ull. Í rúm 30 ár var rekið sláturhús í sambandi við verslunina en það lagðist niður í byrjun seinni heimsstyrjaldar. Verslunin bauð upp á allar nauðsynjavörur, mat- og fóðurvörur, gler, járn- og byggingarvörur o.fl. og hafði umboð fyrir dráttar- og landbúnaðarvélar.

Verslunin varð gjaldþrota 1967.

Aðrar skjalaskrár með efni frá sama skjalamyndara eru skrár V-6.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
7. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
-----------	-----	------	------

### Verslunin Eyjafjörður

2020 / 28

#### A-Verslunin Eyjafjörður

1908 - 1981

2020 - A / 1	1	1909- 1916	Faktúrubók 1909-1910; vörueign 1910-1912; útistandandi skuldir 1913-1916.	Innbundin bók
2020 - A / 1	2	1911- 1917	Faktúrubók 1911-1912; vörueign 1912-1917.	Innbundin bók
2020 - A / 1	3	1966- 1967	Kassabók, 6.sept 1966-10. jan 1967.	Innbundin bók
2020 - A / 2	1	1913- 1918	Faktúrubók 1913-1918.	Innbundin bók
2020 - A / 2	2	1908- 1963	Reikningar 1909-1963.	Innbundin bók
2020 - A / 3	1	1919- 1925	Faktúrubók 1919-1925.	Innbundin bók
2020 - A / 3	2	1909- 1981	Reikningar; kvittanir; nótur; rekstrarreikningar; bréf til Kristjáns Árnasonar (eiganda), varðandi reksturinn, auglýsingar á vörum og kaup á vörum. Bréf til Guðrúnar H. Gunnarsdóttur (afhendinga - 1981) um afhendingu hennar á tveimur verslunarbókum Verslunarinnar Eyjafjörður til Héraðsskjalasafns Svarfdæla á Dalvík.	Laus blöð